

SNÆFELLSBÆR

Ársreikningur 2009



Efnisyfirlit

Endurskoðunarskýrsla

Endurskoðun á ársreikingi.....	1-3
Skýringar og ábendingar.....	4-10
Önnur verkefni.....	10
Aðrar upplýsingar.....	10-12
Niðurstaða.....	12

Samstæða

Áritun endurskoðenda og skoðunnarmanna.....	13
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	14
Rekstrarreikningur.....	15
Efnahagsreikningur.....	16-18
Rekstraryfirlit.....	19
Efnahagsyfirlit.....	20-21
Skýringar.....	22-37

Snæfellsbær

Endurskoðunarskýrsla þann 20. apríl 2010

Ársreikningur 2009

Efnisyfirlit

1. Endurskoðun á ársreikningi	1
1.1 Ársreikningur.....	1
1.2 Umfang og framkvæmd endurskoðunar.....	1
1.3 Innra eftirlit	1
1.4 Reikningsskilaaðferðir.....	3
2. Skýringar og ábendingar.....	3
2.1 Rekstrarreikningur.....	4
2.2 Efnahagsreikningur	7
2.3 Sjóðstreymi.....	7
2.4 A hluta fyrirtæki og stofnanir	7
2.5 B hluta fyrirtæki og stofnanir	8
3. Önnur verkefni.....	10
4. Aðrar upplýsingar	10
4.1 Staðfestingarbréf stjórnenda.....	10
4.2 Bókhald og geymsla á bókhaldsgögnum.....	11
4.3 Samstarf við stjórnendur og starfsmenn	12
5. Niðurstaða	12

1. Endurskoðun á ársreikningi

1.1 Ársreikningur

Við höfum lokið endurskoðun á ársreikningi Bæjarsjóðs Snæfellsbæjar og fyrirtækja og stofnana sveitarfélagsins fyrir árið 2009 sem lagður er fram af stjórnendum sveitarfélagsins. Samkvæmt ársreikningi er afkoma, heildareignir og eigið fé eftirfarandi í þúsundum króna:

	Sveitarsjóður	Samantekið
Afkoma ársins	22.478	54.153
Heildareignir	2.107.415	2.704.722
Eigið fé	652.468	810.226

1.2 Umfang og framkvæmd endurskoðunar

Tilgangur endurskoðunarinnar að sannreyna að reikningsskilin séu gerð í samræmi við ákvæði laga og reglna og reikningsskilareglur sveitarfélaga.

Í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla hefur höfuðáhersla verið lögð á að skoða þá reikningsliði og innri eftirlitsþætti þar sem hættu á verulegum villum er mest.

Stjórnendur hafa undirritað sérstakt staðfestingabréf til að staðfesta ýmsar upplýsingar í tengslum við reikningsskilin sem erfitt er að staðfesta með öðrum hætti. Dæmi um slíkt eru ábyrgðarskuldbindingar, málaferli sem geta haft áhrif á reikningsskilin og reikningsliðir sem fylgir sérgreind áhætta varðandi mat og framsetningu.

Við höfum lesið yfir fundargerðir bæjarstjórnar fram að bæjarstjórnarfundi þann 20. apríl 2010 og þannig sannreynt að við gerð ársreikningsins sé tekið tillit til ákvarðana bæjarstjórnar sem fram koma í fundargerðum og hafa áhrif á reikningsskilin.

1.3 Innra eftirlit

Um ábyrgð á innra eftirliti er m.a. fjallað í lögum um hlutafélög nr. 2/1995, en þar segir í 3. mgr. 68. gr.: "Félagsstjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins. Framkvæmdastjóri skal sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur og meðferð eigna félagsins sé með tryggilegum hætti". Ekki eru sérstök lagaákvæði um þetta í sveitarstjórnarlögum. Þess í stað eru þar ákvæði sem kveða á um gildi ákvæða annarra laga um þessi atriði eftir því sem við getur átt, að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í sveitarstjórnarlögum nr. 45/1998 og reglugerðum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra. Af þessu má ráða að hliðstæð ábyrgð liggur hjá bæjarstjórn og þeim stjórnnum sem ábyrgð bera á rekstri einstakra stofnana.

Viðeigandi innra eftirlit hvers sveitarfélags eða stofnunar ræðst af uppbyggingu og umfangi rekstrar þess. Við viljum vekja athygli á tveimur mikilvægum eftirlitsþáttum, sem almennt eiga við um flest félög og stofnanir. Annars vegar er það aðskilnaður bókhalds og fjárreiðustarfa, og hins vegar kostnaðareftirlit sem felur í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggja áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila. Þessar eftirlitsaðgerðir, séu þær virkar, draga verulega úr áhættu tengdri meðferð fjármuna og færslu bókhalds.

Við endurskoðun á ársreikningnum höfum við sannreynt að eignir séu fyrir hendi og í eigu sveitarfélagsins og að þær séu metnar í samræmi við gildandi lög. Við höfum einnig

sannreynt að skuldir og aðrar skuldbindingar, þ.m.t. trygginga- og ábyrgðarskuldbindingar, séu tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi, eða utan efnahagsreiknings, í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju. Einnig höfum við yfirfarið lotun reikningsliða og að framsetning þeirra í ársreikningnum sé réttmæt.

Við höfum yfirfarið ársreikninginn í heild, þ.m.t. hvort upplýsingar í skýrslu bæjarstjórnar og skýringum séu nægjanlegar og í samræmi við lög og reglur.

Stjórnendur sveitarfélags bera ábyrgð á að eftirlit með starfsemi, bókhaldi og fjármunum sveitarfélagsins sé nægilegt og viðeigandi í samræmi við stærð og starfsemi þess. Þetta eftirlit er hluti af því sem gjarnan er nefnt innra eftirlit. Í innra eftirliti felast allar þær aðgerðir, sem stjórnendur viðhafa til stjórnar sveitarfélaginu og miða að því að sett markmið stjórnenda í rekstri náist, skilvirkni í starfseminni, áreiðanleiki upplýsinga og samkvæmni við lög og reglur. Mikilvægur þáttur innra eftirlits er að skipulag og starfsreglur tryggji örugga og markvissa bókhaldsskráningu, varðveislu eigna sveitarfélagsins og komi í veg fyrir tjón vegna mistaka eða misferlis. Innra eftirlit getur stuðlað að því að sveitarfélag nái markmiðum sínum og komi í veg fyrir að verðmæti spillist eða fari forgörðum.

Innra eftirlit er mótað af fólki og birtist meðal annars í verklagsreglum sveitarfélagsins, siðareglum og starfsmannastefnu. Það hvílir öðru fremur hjá starfsmönnum þó endanleg ábyrgð sé hjá stjórnendum og er mótað af því umhverfi sem endurspeglar í stjórnskipulagi og stjórnunarháttum sveitarfélagsins.

Innra eftirliti er hægt að greina í fimm meginþætti sem eru innbyrðis tengdir og endurspeglar stjórnun sveitarfélagsins, eftirlitsumhverfi, áhættumat, eftirlitsaðgerðir, upplýsingar og samskipti og stjórnendaeftirlit.

Deloitte gerði kannanir á innra eftirliti hjá Snæfellsbæ í janúar 2010. Að þessu sinni beindum við sjónum okkar að prófun á því eftirliti sem fer fram á skrifstofu sveitarfélagsins og uppfærðum þekkingu á ferlum fyrirtækisins.

Deloitte bendir á að það er hlutverk stjórnenda sveitarfélagsins að sjá um skráningu verkferlanna og um leið að hafa umsjón með hönnun og innleiðingu á innra eftirliti með hverjum þeirra. Við leggjum áherslu á að innra eftirlit á að vera samtvinnuð eðlilegri starfsemi sveitarfélagsins og hluti af starfsháttum þess en ekki byrði á annars eðlilegum umsvifum sveitarfélagsins.

Áhættumat er einn þáttur innra eftirlits og um leið grundvöllur að hönnun þess. Áhættumatið þarf hvort tveggja að beinast að öryggi fjárhagsupplýsinga og svo þeirri áhættu innan sveitarfélagsins sem utan sem gæti tafið eða hindrað það í að ná markmiðum sínum. Skilgreining markmiðanna er forsenda þess að hægt sé að meta áhættuna.

Áhættugreining á ekki að vera reglubundin aðgerð heldur hluti af stöðugu eftirliti stjórnenda og starfsmanna.

Kostnaðareftirlit sem felur í sér að engin útgjöld megi greiða nema fyrir liggi áritað samþykki viðeigandi ábyrgðaraðila er mikilvægur þáttur innra eftirlits. Þessar eftirlitsaðgerðir geta, séu þær virkar, dregið verulega úr möguleikum starfsmanna til fjárdráttar, svika eða annarra ólöglegs athæfis. Deloitte kannaði sérstaklega þennan þátt eftirlits eins og á fyrri ári.

Við viljum vekja sérstaka athygli á að innra eftirlit sveitarfélagsins hvað varðar aðgreiningu starfa við launabókhald og greiðslu launa er að okkar mati ekki nægjanlegt. Við viljum því beina þeim tilmælum til bæjarstjórnar að hún hlutist til um að innra eftirlit hjá sveitarfélaginu

verði styrkt. Þessi ábending kom einnig fram í endurskoðunarbréfi okkar í fyrra og hefur sveitarfélagið brugðist með auknu stjórnendaeftirliti með greiðslu launa.

1.4 Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, nr. 45/1998, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í a og b-hluta. Til a-hluta telst sveitarsjóður, sem er aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk aðalsjóðs er um að ræða eignasjóð og þjónustustöð.

Til b-hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meiri hluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir b-hluta eru: Hafnarsjóður, Félagsheimilið á Klifi, Félagsheimilið Röst, Fráveita, Húsnæðisnefnd, Dvalarheimilið Jaðar og Leiguíbúðir með hlutareign.

Ársreikningur Snæfellsbæjar fyrir árið 2009 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning.

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar fyrir árið 2009 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

2. Skýringar og ábendingar

Vakin er athygli á skýringu 17 sem eru ábyrgðir og önnur mál.

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema um 69 milljónum króna. Ábyrgðir þessar voru samþykktar af bæjarstjórn með einfaldri bæjarábyrgð. Þessar ábyrgðir eru vegna sölu hlutabréfa í Snæfell hf. til KEA, núverandi skuldari bréfanna er Straumur hf. kt. 701086-1399. Straum hf. hefur nú verið lokað á árinu 2009 og skipuð hefur verið skilanefnd yfir bankanum. Krafa Byrs sparisjóðs um greiðslu skuldabréfa sem ekki fengust greidd frá Straumi Burðaráss fjárfestingabanka hf. en voru með sjálfskuldarábyrgð Snæfellsbæjar. Upphaflega var um að ræða 3 skuldabréf. Er eitt þeirra nú að eftirstöðvum að fjárhæð ca. kr. 7 millj., eitt að fjárhæð ca. kr. 25 millj. en ekki er vitað hvar þriðja bréfið er, samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdastjóra KEA þá var þriðja bréfið greitt upp á árinu 2004. Sé það enn ógreitt þá ættu hámarks ófyrndar kröfur skv. því að vera ca. kr. 30 millj. Snæfellsbær hefur haldið því fram að sjálfskuldarábyrgð á kr. 25 millj. bréfinu sé niður fallinn og er beðið niðurstöðu þess máls gagnvart Byr. Eins og áður segir þá er ekkert vitað um kr. 30 millj. bréfið en kr. 7 millj. bréfið er óumdeilanlega með ábyrgð Snæfellsbæjar. Á bak við bréfin stóð upphaflega bakábyrgð KEA í formi veðsettra hlutabréfa. Ágreiningur er á milli Snæfellsbæjar og KEA varðandi þá ábyrgð. Fari þessi mál á versta veg þá áætla lögfræðingur félagsins kostnað vegna þess ca. kr. 60 millj. Lögfræðingur félagsins er hins vegar vongóður um það að ekki falli á Snæfellsbæ ábyrgð vegna tveggja hærri skuldabréfanna en niðurstaða er ekki fengin vegna þeirra. Hans mat er einnig að 7 milljóna króna bréfið og kröfur á KEA vegna þeirra sé hins vegar erfitt að segja til um.

Mikil óvissa er um hvort eða hvað mikið af ábyrgðum gæti lent á Snæfellsbæ. Varúðarniðurfærsla að fjárhæð 10 milljónir króna hefur verið færð í ársreikning sveitarfélagsins vegna þessara ábyrgða.

Hringrás er með mál gegn Snæfellsbæ þar sem deilt er um efni samnings um sorphirðu. Hringrás hefur stefnt til greiðslu samkvæmt samningi en Snæfellsbær tekið til varna á grundvelli munnlegra samninga um breytingar á hinum upprunanlega samningi. Erfitt er að segja um niðurstöðu þessa máls. Snæfellsbær þarf að sanna það með framlögðum gögnum að skriflegum samningi aðila hafi verið breytt á tiltekinn hátt. Sönnunarbyrðin í málinu hvílir á Snæfellsbæ enda byggir gagnaðili á skriflegum samningi sem ekki hefur verið mótmælt. Snæfellsbær hefur hins vegar lagt fram nokkuð sterk gögn máli sínu til stuðnings en það er endanlega í höndum dómstóla að leggja mat á sönnunarfærslu aðila og er því erfitt að segja fyrir um líkur á niðurstöðu. Ef málið tapast þá má ætla að stefnufjárhæð ásamt kostnaði geti numið u.þ.b. kr. 8 milljónum. Ekki hefur verið færð varúðarniðurfærsla vegna þessa í ársreikning Snæfellsbæjar.

2.1 Rekstrarreikningur

Við höfum meðal annars framkvæmt greiningu á liðum rekstrarreiknings og borið saman við áætlun vegna ársins og einnig höfum við gert greiningu á frávikum á milli rauntalna og áætlunar eftir málaflokkum hjá sveitarsjóði.

Rekstur málaflokka aðalsjóðs í hlutfalli af skatttekjum greinist þannig:

	Raun 2009	Áætlun 2009	Raun 2008
Félagsþjónusta	4,45%	4,33%	3,87%
Fræðslu- og uppeldismál	53,18%	57,81%	53,03%
Menningarmál	4,33%	4,12%	3,93%
Æskulýðs- og íþróttamál	11,68%	12,69%	8,61%
Brunamál og almannavarnir	2,33%	2,74%	1,3%
Hreinlætismál	0,72%	0,19%	0,99%
Skipulags- og byggingarmál	3,93%	2,59%	4,08%
Umferðar- og samgöngumál	1,58%	1,53%	1,73%
Umhverfismál	3,71%	2,70%	2,72%
Atvinnumál	0,31%	0,4%	-2,21%
Sameiginlegur kostnaður	7%	6,76%	5,05%
Lífeyrisskuldbinding	3%	1,27%	3,04%
Óvenjulegir liðir	0,14%	0%	0,93%
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (- tekjur umfram gjöld)	-2,18%	17,92%	4,52%

Við samanburð á fjárhagsáætlun og rauntölum koma fram nokkur frávik og verður hér á eftir gerð grein fyrir helstu frávikum og útskýringum á þeim skv. upplýsingum frá stjórnendum bæjarins. Óskað var eftir skýringum á frávikum á einstaka liðum ef fjárhæðir reyndust 3% frá áætlun og frávik voru meiri en 100 þúsund krónur.

Skatttekjur

Samkvæmt fjárhagsáætlun voru skatttekjur áætlaðar 835,8 milljónir króna en rauntekjur reyndust vera 956,5 milljónir eða 120,7 milljónum hærra en áætlað var, sem er mismunur um 14,4%. Skýrist þessi munur af því að framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru 15,9 milljónum króna yfir áætlun eða 6,2% .

Útsvör eru 20% yfir áætlun sem samsvarar um 93,3 milljónir vegna góðra aflabragða og hráefnisverðs. Áætlun fyrir fasteignaskatt var 79,5 milljónir en rauntekjur voru 86 milljónir og einnig var áætlun fyrir lóðarleigu 24 milljónir en rauntekjur voru 28,9 milljónir þetta helgast af því að hækkun á fasteignamati var herra en búist var við.

Félagsþjónusta

Til félagsþjónustu voru áætlaðar 36,2 milljónir króna en raunútgjöld reyndust vera 42,6 milljónir sem er 17,8% yfir áætlun eða 6,4 milljónir króna.

- a) Félags- og skólaþjónusta er 1,9 milljónir króna yfir áætlun eða 9,6% sem skýrist m.a. á að Snæfellsbær sendi reikninga á hin aðildarsveitarfélögin vegna halla á Félags- og skólaþjónustunni 2009 á árinu 2010.
- b) Félagsleg aðstoð er 3,5 milljónir króna yfir áætlun eða 94,5% sem liggur aðallega í 3.228 þúsund króna hækkun vegna húsaleigubóta.
- c) Þjónusta við aldraða er 855 þúsundum króna yfir áætlun sem skýrist einkum af því að því kostnaður var mun hærri við tómsundastarf aldraðra og heimaþjónustu aldraðra. Boðið er upp á fleira fyrir eldri borgara, t.d. jóga og sund, og nú þegar atvinnuástand versnar eykst framboð á starfsfólki í liðveislu og heimaþjónustu sem gerir það að verkum að við eigum auðveldara með að þjónusta þá sem eiga rétt á þessari þjónustu.
- d) Þjónusta við fatlaða er 276 þúsundum króna yfir áætlun sem skýrist einkum af hærri launakostnaði.

Fræðslu- og uppeldismál

Samkvæmt fjárhagsáætlun voru útgjöld til fræðslu- og uppeldismála áætluð 483 milljónir króna en raunkostnaður reyndust vera 509 milljónir eða 25 milljónum hærri en áætlað var sem er 5,26%.

- a) Leikskólarnir eru um 7 milljónum yfir áætlun og munar þar aðallega um launakostnað sem er vanáætlaður vegna launahækkana á miðju ári og svo hækkunar á tryggingargjaldi.
- b) Grunnskólar eru 19,4 milljónum yfir áætlun sem er 5,68% frávik vegna aukins launakostnaðar, þetta skýrist að hluta af því að í skólanum eru nú fleiri kennaramenntaðir starfsmenn en gert var ráð fyrir í upphafi árs 2009. Einnig er færð upp áfallin orlofsskuldbinding. Einnig fór kostnaður vegna mótuneytis fram úr áætlun.
- c) Tónlistarskólinn er 991 þúsund undir áætlun eða 4% vegna aukins aðhalds í rekstri.

Menningarmál

Samkvæmt fjárhagsáætlun voru útgjöld til menningarmála áætluð 34,4 milljónir króna en raungjöld reyndust vera 41,5 milljónir eða 7 milljónum hærri en áætlað var.

- a) Kostnaður vegna félagsheimila var 7,4 milljónir umfram áætlun og munar þar mestu um tjón á vormánuðum á Félagsheimilinu Klifi en litlar tjónabætur fengust vegna tjónsins.

Æskulýðs- og íþróttamál

Kostnaður vegna æskulýðs- og íþróttamála reyndist vera 111,7 milljónir króna en var í fjárhagsáætlun áætlaður 106 milljónir eða 5,33% hærri en áætlað var.

- a) Kostnaður við akstur er 582 þúsund kr. yfir áætlun eða 10,8%, aðallega vegna hærri verðbólguþáttar í aksturssamningnum.

- b) Vinnuskólinn fór 0,9 milljónir fram úr áætlun vegna aukins launakostnaðar yfirmanns í vinnuskóla en þar var ráðinn inn aðili sem fór inn á herra launaþrep en vanalega.
- c) Félags- og æskulýðsstarf er 733 þúsund en aldrei er áætlað fyrir því þar sem það er samstarf Snæfellsbæjar, kirknanna og RKÍ í Snæfellsbæ. Félögin og kirkjurnar greiddu sinn hluta fyrir nokkrum árum til Snæfellsbæjar og verið er að ganga á þær tekjur ennþá.
- d) Íþróttahús og sundlaugar fóru 3,5 milljónum fram úr áætlun eða 5,4% sem skýrist af hærri rafmagns- og kyndikostnaði en áætlað var.

Brunamál og almannavarnir

Kostnaður vegna bruna- og almannavarna er 0,7 milljónir króna undir áætlun eða 2,9% sem skýrist af fækkun útkalla slökkviliðs.

Hreinlætismál

Kostnaður vegna hreinlætismála er 5,3 milljónir umfram áætlun vegna flutnings sorpmála frá deild 63 (Snæfríður) yfir í aðalsjóð og einnig var kostnaður vegna gámaþjónustu mun hærri en gert var ráð fyrir í áætlun.

Skipulags- og byggingarmál

Áætlun vegna skipulags- og byggingarmála nam 21,6 milljónum króna en raunútkoma varð 37,6 milljónir eða 74% hærri en áætlað var. Kostnaður vegna þjónustumiðstöðvar er 9,9 milljónir en það gleymdist að áætla á þennan lið. Kostnaður vegna aðal- og deiliskipulags er 6,1 milljón yfir áætlun vegna mikilla vinnu við aðal- og deiliskipulag.

Umferðar- og samgöngumál

Áætlun vegna umferðar- og samgöngumála nam 12,8 milljónum króna en raunútkoma varð 15 milljónir eða 17,8% hærri en áætlun.

- a) Viðhald gatna var 1,8 milljónir herra en áætlun.
- b) Götulýsing voru 0,4 milljónir yfir áætlun.

Umhverfismál

Áætlun vegna umhverfismála nam 22,5 milljónum króna en raunútkoma varð 35,5 milljónir eða 57,3% hærri en áætlun. Þetta skýrist af auknum kostnaði við slátt og hirðingu opinna svæða ásamt fegrun bæjarins.

Atvinnumál

Áætlun vegna atvinnumála nam 3,3 milljónum króna og raunútkoma varð 3 milljónir sem skýrist af og hárrar áætlunar vegna fjárgirðingar.

Lífeyrisskuldbinding

Áætlun vegna lífeyrisskuldbindingar nam 10,6 milljónum króna en raunútkoma varð 28,7 milljónir eða 18 milljónum króna hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Megin skýringin liggur í hækkun á launum og auknum lífslíkum ásamt of lágrí áætlun.

Sameiginlegur kostnaður

Áætlun vegna sameiginlegs kostnaðar nam 56,5 milljónum króna en raunútkoma varð 66,9 milljónir eða 10,4 milljónum króna hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

- a) Skrifstofur sveitarfélagsins fóru 10,5 milljónir fram úr áætlun sem skýrist af mikilli hækkun á kerfisfræðiaðstoð og 8,8 milljóna hækkun á innheimtukostnaði, lögfræðikostnaði og afskrifuðum töpuðum kröfum.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áætlun gerði ráð fyrir 149,8 milljónum króna í fjármagnsgjöld en raunútkoma varð 20,9 milljónir í fjármunatekjur eða 170,1 milljón krónur hærra en áætlun. Mestu munar um að ekki virðist hafa verið gert ráð fyrir hærri verðbólgu í láni aðalsjóðs til eignasjóðs eins og var gert ráð fyrir í langtímaskuldum aðalsjóðs, eins var verðbólga vegna langtímaskulda aðalsjóðs ofáætluð en áætlun gerði ráð fyrir 14% en raunin varð 8,63%. Eins var lítið áætlað fyrir vaxtatekjum á bankabók en raunin varð vaxtatekjur upp á 16,8 milljónir.

2.2 Efnahagsreikningur

Í árslok var hreint veltufé í samanteknum ársreikningi jákvætt um 58 milljónir króna og er veltufjárhlutfall 1,19. Árið á undan var hreint veltufé um 56 milljónir og veltufjárhlutfall 1,22. Hjá sjóðum í A-hluta er niðurstaðan sú að hreint veltufé er jákvætt um 114 milljónir króna og veltufjárhlutfall 1,42. Árið á undan var hreint veltufé jákvætt í A-hluta 147 milljónir og veltufjárhlutfall 1,69.

2.3 Sjóðstreymi

Sjóðstreyminu er ætlað að veita upplýsingar um hæfi rekstrarins til að skapa handbært fé sem aftur segir til um hæfi sveitarfélagsins til að standa við skuldbindingar sínar, hæfi þess til að viðhalda tekjuvirði eigna og þörf fyrir ytri fjármögnun.

Veltufé frá rekstri í samanteknum ársreikningi er 270,9 milljónir og handbært frá rekstri 282,2 milljónir. Fjárfestingarhreyfingar voru 164,1 milljón og fjármögnunarhreyfingar 39,6 milljónir. Snæfellsbær fjárfesti á árinu fyrir 179 milljónir í varanlegum rekstrarfjármunum og tók ný lán að fjárhæð kr. 131,8 milljónir en greiddi niður lán að fjárhæð 171,4 milljónir.

2.4 A hluta fyrirtæki og stofnanir

Eignarsjóður

Áætlun gerði ráð fyrir því að afkoma eignarsjóðs yrði 6,4 milljónir króna en raunútkoma varð neikvæð um 34,3 milljónir.

Afskriftir voru áætlaðar 29,5 milljónir króna en raunútkoma varð 39,6 milljónir.

Fjármagnskostnaður var áætlaður 49,5 milljónir króna en raunútkoma varð 80,3 milljónir eða 30,8 milljón undir áætlun vegna vanmats. Nettó fjármagnskostnaður reiknast um 11% af meðalstöðu vaxtaberandi skulda í ársbyrjun og árslok.

Þjónustumiðstöð

Áætlun þjónustumiðstöðvar gerði ráð fyrir halla upp á 11,6 milljónir en ekki var gert ráð fyrir framlagi aðalsjóðs til rekstrarins. Raunútkoma varð 1,2 milljónir í afkomu.

Framlag aðalsjóðs er 9,9 milljónir en ekki var gert ráð fyrir því í áætlun.

Rekstartkostnaður var áætlaður 31,2 milljónir er raunkostnaður varð 30,7 milljónir.

Fjármagnskostnaður var ekki áætlaður en raun fjármagnskostnaður var kr. 500.000 sem er um 13% af meðalstöðu vaxtaberandi skulda í ársbyrjun og árslok.

2.5 B hluta fyrirtæki og stofnanir

Veitustofnanir

Fjárhagsáætlun Veitustofnana fyrir árið 2009 gerðu ráð fyrir að niðurstaða rekstrarreiknings væri 6,7 milljónir í afgang. Raunútkoma er sú að hallinn er 9,6 milljónir. Þjónustutekjur eru 2,7 milljónir króna hærrí en áætlað var. Rekstrargjöld voru 1,9 milljónum króna hærrí en áætlað hafði verið. Fjármagnsgjöld eru hærrí um 17 milljónir króna en áætlað hafði verið vegna of lágrar áætlunar vegna lána aðalsjóðs.

Húsnæðisnefnd

Áætlun Húsnæðisnefndar gerði ráð fyrir halla að fjárhæð 29,3 milljónir króna og raunútkoma ársins er halli að fjárhæð 14,8 milljónir króna. Fjármagnskostnaður er 11,7 milljónum króna lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Í árslok er eigið fé neikvætt um 198 milljónir króna og hefur eiginfjárstaða versnað frá ársbyrjun sem nemur halla ársins.

Nettó fjármagnskostnaður að fjárhæð um 22,2 milljónir króna reiknast um 11% af meðalstöðu vaxtaberandi skulda í ársbyrjun og árslok.

Skuld Húsnæðisnefndar við aðalsjóð nemur í árslok um 140 milljónum króna og nemur skuldaaukningin á árinu um 6,3 milljónir króna og er hún sýnd sérstaklega í sjóðstreymi undir liðnum fjármögnunarhreyfingar. Vextir eru ekki reiknaðir á skuld Húsnæðisnefndar við aðalsjóð.

Eins og bent hefur verið á áður í endurskoðunarskýrslum til bæjarsjóðs er óraunhæft að gera ráð fyrir því að Húsnæðisnefnd geti staðið í skilum við bæjarsjóð með þessa skuld. Það er því mat undirritaðs að eðlilegra sé að færa þessa skuld sem framlag bæjarsjóðs til húsnæðismála, nema það liggi fyrir að hún verði endurgreidd.

Dvalarheimilið Jaðar

Áætlun Dvalarheimilisins Jaðars gerði ráð fyrir 4 milljóna króna afgang. Hallinn var 4,2 milljónir króna.

Ekki var gert fyrir fjármagnsgjöldum en raunin var 7,9 milljónir sem er verðbætur á skuld Dvalarheimilisins Jaðars við Aðalsjóð Snæfellsbæjar.

Í sundurliðun með rekstrarreikningi er gjöldum skipt á milli dvalardeildar og hjúkrunardeildar. Skiptingin byggir á upplýsingum frá forstöðumanni heimilisins um kostnaðarútteilingu.

Dvalarheimilið Jaðar skuldar Aðalsjóði Snæfellsbæjar um 144 milljónir króna í lok árs 2009 en staðan frá upphafi árs hefur verið hækkuð sem nemur verðbólgu ársins.

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar

Áætlun Hafnarsjóðs gerði ráð fyrir afkomu að fjárhæð 14 milljónir króna. Raunútkoma ársins er afkoma að fjárhæð 66 milljónir króna. Afkoman er því betri sem nemur um 51,9 milljónum króna. Mestu munar að afkoma fyrir afskriftir og vexti er 56 milljónum króna hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem liggur í auknum tekjum upp á 72,4 milljónir, auknum kostnaði upp á 16,2 milljónir og fjármagnskostnaður er 1,7 milljónir króna hærri en áætlað var.

Vaxtakostnaður og verðbætur af langtímaskuldum að fjárhæð um 12,6 milljónir króna reiknast um 14% af meðalstöðu langtímaskulda í ársbyrjun og árslok.

Eiginfjárhlutfall hafnarinnar er um 75%. Höfnin hefur um áráraðir verið aðskilin bæjarsjóði fjárhagslega þannig að líklegt er að eiginfjármyndun hennar eigi sér alfarið uppruna í hafnarstarfseminni. Þar af leiðandi er eðlilegt að fjármagnsskipan hafnarinnar sé með öðrum hætti en Snæfellsbæjarsamstæðunnar.

Snæfríður

Snæfríður var lögð niður á árinu.

Félagsheimilið Klifi

Áætlun Félagsheimilisins á Klifi gerði ráð fyrir 12,5 milljóna króna tapi því ekki var gert ráð fyrir framlagi aðalsjóðs til rekstrarins en það var 17,6 milljónir króna. Afgangur af rekstri var 3,1 milljón.

Helstu frávik á milli fjárhagsáætlunar og raunútkomu eru framlag aðalsjóðs.

Félagsheimilið Röst

Áætlun Félagsheimilisins Rastar gerði ráð fyrir 4 milljóna króna halla því ekki var gert ráð fyrir framlagi aðalsjóðs. Halli af rekstri var 476 þúsund krónur.

Helstu frávik á milli fjárhagsáætlunar og raunútkomu eru þau að framlag aðalsjóðs er 3,5 milljónir. Eignfærð áhöld og tæki eru kr. 921 þúsund krónur.

Leiguíbúðir með hlutareign

Á árinu 2005 var stofnað B hluta fyrirtæki sem fékk nafnið Leiguíbúðir með hlutareign. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir halla að fjárhæð kr. 14,6 milljónir en raunin varð halli að fjárhæð 8,3 milljónir sem skýrist af verðbólgu sem var ofáætluð.

3. Önnur verkefni

Við höfum veitt eftirfarandi sérfræðiaðstoð:

- Ýmsa bókhaldsaðstoð t.d. gerð afstemminga o.fl.
- Aðstoð við gerð ársreiknings fyrir árið 2009

4. Aðrar upplýsingar

4.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Í tengslum við ársreikning fyrir árið 2009 hafa stjórnendur sveitarfélagsins staðfest í sérstöku yfirlýsingabréfi að eftirfarandi fullyrðingar eru samkvæmt þeirra bestu vitund og þekkingu.

1. Við höfum ekki orðið varir við neina atburði sem geta gefið til kynna að vafi sé um rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
2. Það er á ábyrgð okkar að hanna og innleiða innra eftirlit og að fylgja því eftir í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur.
3. Við höfum kynnt fyrir ykkur niðurstöður mats okkar á hættunni á að ársreikningurinn innihaldi verulegar skekkjur vegna sviksemi.
4. Við höfum ekki orðið varir við nein mikilvæg atriði sem bent gætu til svika eða vakið grunsemdir um sviksemi sem gætu tengst
 - a. stjórnendum,
 - b. starfsmönnum sem hafa með höndum mikilvæg störf sem snúa að innra eftirliti eða
 - c. öðrum sem geta haft umtalsverð áhrif á ársreikninginn.
5. Við höfum ekki orðið varir við neinar ásakanir starfsmanna, fyrrverandi starfsmanna eða annarra um sviksemi, eða grun um sviksemi, sem gætu haft veruleg áhrif á ársreikninginn.
6. Í ársreikningnum eru engar verulegar skekkjur, þ.m.t. skekkjur vegna vanrækslu eða yfirsjónar. Við gerum okkur grein fyrir því að við endurskoðunina var safnað saman óleiðréttum skekkjum í ársreikningnum og annmörkum á skýringum og hafa þær allar verið leiðréttar. Við höfum lagt mat á hvort óleiðréttar skekkjur og annmarkar á skýringum hafi veruleg áhrif á ársreikninginn og teljum áhrifin á ársreikninginn óveruleg, hvort sem miðað er við einstakar eða samanlagðar skekkjur.
7. Við höfum veitt ykkur aðgang að bókhaldi sveitarfélagsins og öðrum gögnum sem þið hafið óskað eftir. Við höfum einnig tryggt að þið hafið haft aðgengi að því starfsfólki innan sveitarfélagsins sem þið tölduð nauðsynlegt vegna starfa ykkar. Auk

Þess höfum við veitt ykkur aðgang að fundargerðum bæjarstjórnarfunda frá upphafi reikningsársins til þessa dags.

8. Öll viðskipti á reikningsárinu hafa verið færð í bókhald sveitarfélagsins og koma fram í ársreikningnum. Þau hafa verið í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða í viðskiptum sveitarfélagsins.
9. Við höfum ekki orðið varir við nein lögbrot starfsmanna, sem gegna mikilvægu hlutverki í innri eftirliti eða gætu haft veruleg áhrif á ársreikninginn.
10. Við höfum veitt ykkur upplýsingar um öll brot eða möguleg brot á lögum og reglugerðum sem geta varðað ársreikninginn.
11. Við höfum greint frá öllum þekktum og mögulegum brotum á lögum og reglugerðum sem áhrif hafa á gerð ársreikningsins.
12. Sveitarfélagið hefur fullnægjandi eignarheimildir fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og hvíla engar kvaðir eða veðsetningar á þeim aðrar en þær sem skýrt er frá í ársreikningnum.
13. Við teljum að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat séu viðeigandi, þ.á.m. forsendur sem varða mat á gangvirði.
14. Sveitarfélagið hefur engar þær fyrirætlanir sem geta haft veruleg áhrif á mat eða flokkun eigna og skulda í ársreikningnum.
15. Við höfum skráð eða skýrt frá öllum skuldum sveitarfélagsins, bæði áföllnum og skilyrtum, og greint frá öllum ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila.
16. Í ársreikningnum er greint frá öllum skaðabótakröfum, málaferlum, skattakröfum og öðrum kröfum sem geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.
17. Í ársreikningnum hefur verið tekið tillit til áhrifa af atburðum eftir reikningsskiladag, ýmist með því að gera viðeigandi leiðréttingar eða veita upplýsingar um áhrif þeirra í skýringum.

4.2 Bókhald og geymsla á bókhaldsgögnum

Athuganir okkar hafa ekki leitt annað í ljós en að sveitarfélagið uppfylli ákvæði laga nr. 145/1994 um bókhald og nr. 944/2000 um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga

4.3 Samstarf við stjórnendur og starfsmenn

Hafa ber í huga að starf okkar er þess eðlis að við horfum meira á þá þætti í rekstri sveitarfélagsins sem betur mættu fara en þá sem eru í ágætu horfi. Starfsfólk sveitarfélagsins veitti okkur þá aðstoð sem við óskuðum eftir og brást vel við ábendingum okkar og athugasemdum. Færum við því bestu þakkir fyrir gott samstarf.

5. Niðurstaða

Eins og fram kemur í áritun okkar á ársreikning bæjarsjóðs Snæfellsbæjar er það álit okkar að hann gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2009, þeirri breytingu sem varð á handbæru fé á árinu og af efnahag þess þann 31. desember 2009, í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga.

Það er því álit okkar að samþykka beri ársreikninginn.

Snæfellsbær, 20. apríl 2010.

Deloitte hf.

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Snæfellsbær Samstæða

Ársreikningur 2009

Efnisyfirlit.

Áritun endurskoðenda og skoðunnarmanna.....	13
Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra.....	14
Rekstrarreikningur.....	15
Efnahagsreikningur.....	16-17
Sjóðsstreymi.....	18
Rekstraryfirlit.....	19
Efnahagsyfirlit.....	20-21
Skýringar.....	22-37

Áritun óháðs endurskoðenda

Til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Snæfellsbæjar fyrir árið 2009. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu bæjarstjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi, heildaryfirlit um rekstur, efnahagsyfirlit og skýringar nr. 1 - 19.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Bæjarstjórn og stjórnendur Snæfellsbæjar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Snæfellsbæjar á árinu 2009, efnahag þess 31. desember 2009 og breytingu á handbæru fé á árinu 2009, í samræmi við lög og reikningsskilareglur sveitarfélaga.

Snæfellsbær, ?? maí 2010

Deloitte hf.

Guðmundur Kjartansson
endurskoðandi

Sigurður Páll Hauksson
endurskoðandi

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Snæfellsbæjar höfum yfirfarið ársreikning bæjarsjóðs Snæfellsbæjar fyrir árið 2009. Við höfum fengið þær upplýsingar sem við höfum óskað eftir og sjáum engar ástæður til athugasemda. Með vísan til þess og áritunar endurskoðenda leggjum við til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Snæfellsbær, ?? maí 2010

Ólína B. Kristinsdóttir

Ragnheiður Víglundsdóttir

Áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra

Ársreikningur Snæfellsbæjar er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar félagsmálaráðuneytisins um reikningsskil sveitarfélaga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum og þeim breytingum sem á þeim hafa orðið frá fyrra ári.

Starfseminni er skipt í a-hluta annars vegar og b-hluta hins vegar. Til a-hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en í b-hluta eru fyrirtæki sem eru í eigu sveitarfélagsins og eru rekin sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar sem eru: Félagshheimilið Klifi, Félagshheimilið Röst, Veitustofnanir Snæfellsbæjar, Hafnarsjóður Snæfellsbæjar, Húsnæðisnefnd Snæfellsbæjar, Leiguíbúðir með hlutareign og Dvalarheimilið Jaðar.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu um 1.522 milljónum króna samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir a og b hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 1.298 milljónum króna. Rekstrartekjur a-hluta námu um 1.154 milljón króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum um 1.029 milljónum króna.

Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins námu um 693 milljónum króna en starfsmannafjöldi sveitarfélagsins nam 137 stöðugildi í árslok.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi a og b hluta var hagnaður að fjárhæð um 54 milljón króna en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir tapi sem nam um 167 milljónum króna. Rekstrarniðurstaða a-hluta var hagnaður að fjárhæð 22 milljónum króna en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir tapi um 130 milljónir króna.

Heildareignir bæjarsjóðs námu um 2.107 milljón króna og heildareignir sveitarfélagsins í samanteknum ársreikningi um 2.704 milljónum króna í árslok 2009. Heildarskuldir bæjarsjóðs námu um 1.455 milljónum króna og í samanteknum ársreikningi um 1.894 milljón króna á sama tíma. Eigið fé bæjarsjóðs nam um 652 milljónum króna og eigið fé í samanteknum reikningsskilum nam um 810 milljónum króna í árslok 2009.

Íbúafjöldi í Snæfellsbæ 1. desember 2009 var 1.701 og var fækkun um 16 einstaklinga frá fyrra ári.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar og bæjarstjóri staðfesta hér með samstæðuársreikning bæjarsjóðs Snæfellsbæjar fyrir árið 2009 með undirritun sinni.

Snæfellsbæ, ?? maí 2010

Kristinn Jónasson
bæjarstjóri

Kristjana Hermannsdóttir
forseti bæjarstjórnar

Brynja Mjöll Ólafsdóttir

Jón Þór Lúðvíksson

Ólafur Rögnvaldsson

Fríða Sveinsdóttir

Kristján Þórðarson

Steiney Kr. Ólafsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2009

Í þúsundum króna	Skýr.	Sjóðir í A - hluta		Sjóðir í B - hluta		Samanlagt		2008
		2009	Fjárhags- áætlun	2009	Fjárhags- áætlun	2009	Fjárhags- áætlun	
Tekjur	3							
Skatttekjur án framlaga jöfnunarsjóðs		685.113	580.400	0	0	685.113	580.400	616.376
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga		271.342	255.400	0	0	271.342	255.400	310.367
Ýmsar tekjur		197.959	193.681	367.880	268.574	565.839	462.255	588.763
		<u>1.154.414</u>	<u>1.029.481</u>	<u>367.880</u>	<u>268.574</u>	<u>1.522.294</u>	<u>1.298.055</u>	<u>1.515.507</u>
Gjöld								
Laun og launatengd gjöld	4	595.192	550.714	97.489	87.927	692.681	638.641	613.084
Annar rekstrarkostnaður		304.367	261.173	90.750	80.421	395.117	341.594	392.766
Skattar og önnur opinber gjöld		11.642	11.635	8.223	8.180	19.865	19.815	20.629
Styrkir og framlög		120.219	106.555	13.160	13.060	133.379	119.615	78.955
		<u>1.031.420</u>	<u>930.077</u>	<u>209.623</u>	<u>189.588</u>	<u>1.241.043</u>	<u>1.119.665</u>	<u>1.105.434</u>
Afskriftir	5	40.630	30.538	41.243	38.325	81.873	68.863	73.675
		<u>1.072.050</u>	<u>960.615</u>	<u>250.865</u>	<u>227.913</u>	<u>1.322.916</u>	<u>1.188.528</u>	<u>1.179.109</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði		82.364	68.866	117.014	40.661	199.378	109.527	336.398
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)		(59.885)	(199.752)	(85.339)	(76.328)	(145.225)	(276.080)	(246.470)
Rekstrarniðurstaða		<u><u>22.478</u></u>	<u><u>(130.886)</u></u>	<u><u>31.675</u></u>	<u><u>(35.667)</u></u>	<u><u>54.153</u></u>	<u><u>(166.553)</u></u>	<u><u>89.928</u></u>

Efnahagsreikningur

Í þúsundum króna

	Eignir	Sjóðir í A - hluta		Sjóðir í B - hluta		Samanlagt	
		Skýr	31.12.2009	31.12.2008	31.12.2009	31.12.2008	31.12.2009
Fastafjármunir							
Varanlegir rekstrarfjármunir							
	8						
Fasteignir		786.387	768.193	444.905	392.475	1.231.291	1.160.668
Hafnarmannvirki		0	0	397.747	354.719	397.747	354.719
Vatnsveitukerfi		0	0	104.213	109.462	104.213	109.462
Fráveitu- og gatnakerfi		131.865	126.825	138.408	145.528	270.273	272.353
Vélar, áhöld og tæki		92.846	101.423	4.748	5.360	97.594	106.783
		<u>1.011.097</u>	<u>996.441</u>	<u>1.090.021</u>	<u>1.007.544</u>	<u>2.101.118</u>	<u>2.003.984</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur							
Eignarhlutar í félögum	9	220.922	202.702	45	45	220.967	202.747
Langtímakröfur	10	7.869	15.051	0	0	7.869	15.051
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki		482.704	402.280	0	0	0	0
		<u>711.494</u>	<u>620.033</u>	<u>45</u>	<u>45</u>	<u>228.836</u>	<u>217.798</u>
Fastafjármunir		<u>1.722.592</u>	<u>1.616.474</u>	<u>1.090.066</u>	<u>1.007.589</u>	<u>2.329.954</u>	<u>2.221.782</u>
Veltufjármunir							
Vörubirgðir							
Rekstrarvörur		360	360	2.121	1.488	2.481	1.848
		<u>360</u>	<u>360</u>	<u>2.121</u>	<u>1.488</u>	<u>2.481</u>	<u>1.848</u>
Skammtímakröfur							
Viðskiptakröfur	11	114.043	138.487	15.243	13.934	129.286	152.421
Skammtímakröfur	11	13.544	8.096	5.152	2.911	18.697	11.008
Næsta árs afborganir langtímakrafna		25.520	25.299		0	12.191	13.121
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki		31.907	56.363	704	0	0	0
		<u>185.015</u>	<u>228.245</u>	<u>21.099</u>	<u>16.845</u>	<u>160.174</u>	<u>176.550</u>
Handbært fé							
Bankainnsteður	11	199.448	133.157	12.665	544	212.113	133.701
		<u>199.448</u>	<u>133.157</u>	<u>12.665</u>	<u>544</u>	<u>212.113</u>	<u>133.701</u>
Veltufjármunir		<u>384.823</u>	<u>361.762</u>	<u>35.885</u>	<u>18.877</u>	<u>374.768</u>	<u>312.099</u>
Eignir		<u>2.107.415</u>	<u>1.978.236</u>	<u>1.125.951</u>	<u>1.026.466</u>	<u>2.704.722</u>	<u>2.533.881</u>

31. desember 2009

Í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir

	Skýr	Sjóðir í A - hluta		Sjóðir í B - hluta		Samanlagt	
		31.12.2009	31.12.2008	31.12.2009	31.12.2008	31.12.2009	31.12.2008
Eigið fé							
Eigið fé	12	652.468	629.990	157.758	126.083	810.226	756.073
Eigið fé		<u>652.468</u>	<u>629.990</u>	<u>157.758</u>	<u>126.083</u>	<u>810.226</u>	<u>756.073</u>
Skuldbindingar							
Lífeyrisskuldbinding	13	342.622	320.934	0	0	342.622	320.934
		<u>342.622</u>	<u>320.934</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>342.622</u>	<u>320.934</u>
Langtímaskuldir							
Skuldir við lánastofnanir	14	841.716	812.774	427.732	377.847	1.226.546	1.190.621
Aðrar langtímaskuldir		0	0	11.219	10.328	11.219	10.328
Skuldir við eigin fyrirtæki		0	0	439.801	402.280	0	0
		<u>841.716</u>	<u>812.774</u>	<u>878.752</u>	<u>790.456</u>	<u>1.237.765</u>	<u>1.200.948</u>
Skammtímaskuldir							
Viðskiptaskuldir	15	49.191	34.117	18.649	20.129	67.840	54.246
Skuldir við eigin fyrirtæki		704	0	31.907	56.363	0	0
Aðrar skammtímaskuldir	15	45.174	38.074	5.954	5.097	51.128	43.171
Næsta árs afborganir langtímalána	14	175.539	142.348	32.930	28.338	195.140	158.509
		<u>270.608</u>	<u>214.539</u>	<u>89.440</u>	<u>109.927</u>	<u>314.108</u>	<u>255.925</u>
Skuldir og skuldbindingar		<u>1.454.947</u>	<u>1.348.246</u>	<u>968.193</u>	<u>900.383</u>	<u>1.894.495</u>	<u>1.777.808</u>
Eigið fé og skuldir		<u>2.107.415</u>	<u>1.978.236</u>	<u>1.125.951</u>	<u>1.026.466</u>	<u>2.704.722</u>	<u>2.533.881</u>

Ábyrgðir utan efnahagsreiknings 17

Skuldbindingar vegna rekstrarleigusamninga 0

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2009

Skýr	Sjóðir í A - hluta		Sjóðir í B - hluta		Samanlagt	
	2009	2008	2009	2008	2009	2008
Rekstrarhreyfingar						
Niðurstaða ársins	22.478.140	121.588.083	31.674.824	(31.660.580)	54.152.964	89.927.503
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:					0	0
Bakferðir reiknaðir rekstrarliðir	40.630.239	30.746.645	41.242.695	42.928.218	81.872.934	73.674.863
Verðbætur og gengismunur	44.466.704	137.984.305	68.768.134	84.979.430	113.234.838	222.963.735
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna			0	(9.237.891)	0	(9.237.891)
Framlög frá eigin sjóðum	0	21.836.766	0	(21.836.766)	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingum	21.687.748	22.246.362	0	0	21.687.748	22.246.362
Veltufé (til) frá rekstri	129.262.831	334.402.161	141.685.653	65.172.411	270.948.484	399.574.572
Breytingar á skammtímalíðum:						
Áðrar skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	18.995.608	(39.651.626)	(4.886.495)	7.395.883	14.109.113	(32.255.743)
Skammtímaskuldir, lækkun (lækkun)	22.176.003	6.316.310	(25.079.639)	52.205.224	(2.903.636)	58.521.534
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum	41.171.611	(33.335.316)	(29.966.134)	59.601.107	11.205.477	26.265.791
